



Slökkvilið Norðurþings
Norðurgarði 5. 640 Húsavík
slökkvilið@nordurthing.is

Sveitarstjórn Norðurþings

Húsavík 12.12.2022

Efni: Athugasemdir við deiliskipulags breytingu Norðurhafnar

Nú liggur frammi til kynningar tillaga að deiliskipulags breytingu Norðurhafnar. Breytingartillagan felur í sér sameiningu tveggja lóða að Norðurgarði 7. og 9. í eina lóð. Ástæða þess að þessar breytingar á deiliskipulagi eru lagðar fram er sú að fyrirtækið Íslandsþari ehf hefur sótt um lóð á umræddum stað undir starfsemi sína.

Slökkvilið og Eldvarnareftirlit Norðurþings telja mikla óásættanlega áhættu fólgni í því að heimila starfsemi fyrirtækisins á þessum stað í ljósi gríðarlegrar efnanotkunar sem nota á við framleiðsluna.

Efnanotkun fyrirtækisins er á þeim skala að slíkt magn hættulegra eiturefna hefur aldrei verið flutt um sveitarfélagið áður né notað í starfsemi á svæðinu.

Hjálparefni sem notuð eru við framleiðsluna eru eftirfarandi:

Kornaður sóði : 450 tonn á ári, birgðir á hverjum tíma c.a 35 – 38 tonn pr. mán.

Brennisteinssýra 96-98 % : 750 tonn á ári, birgðir á hverjum tíma c.a 60 – 63 tonn pr. mán.

- Hvarfast á ofsafengin hátt við: Vatn, raka, basa, alkalí málma og myndar eldfimar og ætandi lofttegundir t.d. vetni og skapar hættu á bruna og sprenginum.
- Koma þarf í veg fyrir að efnið berist í fráveitur, vatnsrásir.
- Brjótist eldur út skal strax einangra svæðið og fjarlægja alla sem eru í nánd við svæðið.
- Gætið þess að rennsli frá slökkvistað komist ekki í niðurföll eða vatnsfarvegi.
- Getur valdið ertingu í öndunarvegi og slímhúð, særindi í hálsi, hósti, öndunarerfiðleikar.
- Efnið eða myndefni frá því geta magnað lungna- / berkjusjúkdóma og / eða valdið öndunarerfiðleikum, hætta á lungnabjúg.
- Niðurbrotsefni við mikinn hita losar um eitraðar lofttegundir (brennisteinsoxíð)
- Myndefni við bruna Vetrisklórgas, myndar vetni í hvörfum við málma.

Önnur efni að mestu vetnisperoxíð : 130 tonn á ári, birgðir á hverjum tíma c.a 10 – 11 tonn pr. mán.

- Veldur húðertingu, alvarlegum augnskaða og getur valdið ertingu í öndunarfærum.
- Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum, forðast ber með öllu losun út í umhverfið

Öll þessara efna eru flokkuð sem hættuleg efni og fyrirhugað er að geyma öll efnin innanhúss í mannvirkinu sem eykur stórlega líkur á því að þar geti skapast illviðráðanlegur og stórhættulegur atburður sem gæti leitt til rýmingar á íbúabyggð í næsta nágrenni ef vindátt er óhagstæð.

- 1) **Brennisteinssýra 96-98 % er efni í hættuflokki 8 (ætandi) grunn hættusvæði 50 metrar, ef hætta er á mikilli gasmyndun eða kröftugum efnahvörfum er hættusvæði 100 metra frá lóð.**
- 2) **Við bruna á svæðinu nær efnið að hitna og þá myndast brennisteinsoxíð sem er baneitrað gas einnig verður til súrefni við hvörfunina sem er eldnærandi og stóreykur líkur á sprengingum á geymslueiningum sýrunnar og við þessar aðstæður stækkar hættusvæði gríðarlega.**

3) *Vetnisperoxíð er efni í hættuflokkum 5.1 (eldnærandi) og 8 (ætandi) ef um eld og eða sprengihættu er að ræða er hættusvæði 300 metra frá lóð.*


1,2,3) *Upplýsingar úr vinnuhandbókum og verkferlum slökkviliða um hættuleg efni:*

(a) *Efnaköfun og upplýsingar um hættuleg efni, (b) Hættuleg efni CBRNE*

Þegar lagt er mat á áhættu vegna einhversrar starfsemi þar sem unnið er með hættuleg eða varasöm efni eru nokkur atriði sem tekið er tillit til í matinu, en í grunninn eru það tvö atriði sem ráða niðurstöðu þess.

Annars vegar líkur á atburði og hins vegar afleiðingar hans.

Verkferlar í starfsemi fyrirtækisins eiga að tryggja að líkur á óhappi séu litlar en hins vegar ef eða þegar það verður geta afleiðingarnar verið gríðarlega miklar og varanlegu afleiðingarnar af heilsutjóni ófyrirséðar.



Mynd 1.0 : Sýnir vægi áhættu miðað við afleiðingar atviks. Áhætta sem metin er rauð kallar á viðbrögð

Lóð H2 liggur næst lóðinni Norðurgarður 5. sem á stendur slökkvistöð sveitarfélagsins og í henni er starfrækt stjórnstöð almannavarna í umdæminu sem hugsanlega þyrfti að virkja verði stórslys t.d. bruni, sprenging eða efnaleki af völdum Brennisteinssýru eða Vetnisperoxíðs á starfssvæði verksmiðjunnar sem valdið getur því að eittraðar gufur leggist yfir og inn í stöðina að Norðurgarði 5. sem er innan grunnrýmingarsvæðis og gert hana og allt viðbragð frá henni óstarfhæft.

Þessar aðstæður gera það að verkum að ekki væri hægt að virkja fyrsta viðbragð frá Húsavík og kalla þyrfti til nærliggjandi slökkvilið sem tekur a.m.k. 1 – 1 ½ klst. Sá tímarammi er kominn út fyrir þau mörk að lífbjörgun geti átt sér stað og slíkt er ótækt gagnvart skyldum sveitarfélags/slökkviliðs vegna lögbundinna hlutverka slökkviliðs í viðbragði sveitarfélaga við atvikum svo sem leka af hættulegum efnum eða bruna.

Íbúabyggð er einnig í næsta nágreni við fyrirhugaða staðsetningu verksmiðjunnar og verði alvarlegur atburður á starfssvæði hennar gæti þurft að rýma talsvert stórt svæði íbúabyggðar í nyrðri hluta bæjarins ásamt hluta eða allt hafnarsvæði bæjarins, en á háannatíma ferðapjónustunnar geta verið hundruðir ferðamanna á svæðinu og afleiðingarnar ófyrirséðar.

Hvorki slökkvilið Norðurþings né nágranna slökkvilið hafa yfir að ráða búnaði né efnum til viðbragða við efnaleka af þeirri stærðargráðu sem orðið getur í verksmiðjunni og því yrði hugsanlega að kalla til aðstoð lengra frá. Gerð þarf kröfu á starfsemina að hún tryggi og kosti þær viðbætur sem þarf til að geta ráðið við atburði á starfssvæði verksmiðjunnar ef hún verður reist.

Fyrirhuguð lóð er samkvæmt skipulagsuppráttum skilgreint athafnasvæði hafnarinnar en ekki sem iðnaðarsvæði og því ekki gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi á svæðinu. Skilgreind iðnaðarsvæði á Húsavík eru á Bakka, Haukamýri og við Víðimóa og því ber að beina slíkri starfsemi á þau svæði.

Slökkviliðið og Eldvarnareftirlit Norðurþings leggjast því alfarið gegn staðsetningu verksmiðjunnar á reit H2 við Norðurgarð byggða á áðurtöldum rökum og munu ekki geta veitt jákvæða umsögn vegna starfseminnar miðað við þessa staðsetningu þar sem hún ógnar öryggi viðbragðsþjónustu í Norðurþingi í ljósi þeirra atburða sem geta orðið í starfsemi hennar.

Slökkviliðið óskaði eftir óháðu faglegu mati frá HMS og einnig frá forvarnarsvið SHS á málinu og þau álit eru einnig lögð fram með álit slökkviliðsstjóra Norðurþings vegna skipulagsbreytinganna.

Grímur Kárasón
Slökkviliðsstjóri Norðurþings